## Lífeyrissjóðir og lýðræðisofbeldi 9. nov. 2016

Ég er félagi í tveim lífeyrðissjóðanna, sem stunduðu þann rekstur, er greinin fjallar um. Ég minnist þess ekki að hafa verið inntur álits, þegar forustumenn téðra lífeyrissjóða réðust í útgerð skráða í Ameríku til fiskveiða við Afríku. Ei heldur bað ég um þá löggöf um lífeyrissjóði, sem skyldar mig að selja í hendur stjórnar þeirra lýðræðislegt alræðisvald yfir fjármunum mínum, sem ég aldrei hef fengið í hendur. Þannig hefur sjálfræði mitt verið skert við forsjárlöggjöf og frjálsa samninga á vinnumarkaði, þar sem stéttarfélög hafa meinað einstökum félagsmönnum forsjár fjár síns. Hvað veldur því, að launþegar samþykkja slíkt fyrirkomulag? Lýðræðisofbeldið birtist í margs konar kvikvenda líki